

Sviðslistadeild

Leikarabraut

Greinargerð fyrir Lokaverkefni leikara
Við Deyjum á Mars

Nemandi: Alexander Erlendsson

Leiðbeinandi: Stefán Jónsson

Maí 2016

Efnisyfirlit.

Inngangur.....	3
1. Dansverkstæðið.....	4
• Að fá verk í hendurnar.....	4
• Viktor.....	5
2. Æfingar hefjast í Listaháskólanum:	6
• Opnanir.....	6
• Tæknilega hliðin og leikstjórnin.....	6
• Tempó og afleiðingar þess.....	7
• Pick your battles.....	8
• Að taka nótum.....	9
• Sjálfsöryggi.....	10
3. Sýningartímabilið:	12
• Bekkurinn / leikhópurinn.....	12
• Allskonar listamaður.....	13
Heimildaskrá.....	14

Inngangur

Í stuttu máli fjallar þessi greinargerð um uppsetningu útskriftarverks leikaranema úr Listaháskóla Íslands. Verkið heitir Við Deyjum á Mars og var valið af dómnefnd sem haldin var á vegum Listaháskólans. Höfundurinn er Jónas Reynir Gunnarsson og var þetta í fyrsta sinn sem sett var upp verk eftir hann.

Verkið fjallar í hnotskurn um níu ólíka einstaklinga sem öll hafa samþykkt að yfirgefa jörðina til að stofna nýtt líf á plánetunni Mars. Samband þeirra við jörðina er fremur sérkennilegt því að þau eru í raunveruleikasjónvarpi þar sem að stór hluti heimsbyggðarinnar fylgist með þeim. Persónurnar eiga því í raun ekkert einkalíf því stöðugt er fylgst með öllum smáatriðum lífs þeirra. Skilmálar þáttarins eru þannig að þau verða að halda áhorfendatölunum uppi til þess að fjármagna ferðina og fá þannig nauðsynlegar byggingar. Þau eru því tilneydd til þess að viðhalda tengingu við jörðina og halda áhorfendatölum uppi.

Í greinargerðinni mun ég fara í gegnum þær hindranir og sigra sem ég upplifði í ferlinu ásamt því að spyrja mig að því hvað hefði getað farið betur.

Sýningar voru alls tólf talsins og sýnt var tólf daga í röð. Leikstjóri var fagstjóri leiklistardeildar, Stefán Jónsson.

Dansverkstæðið.

Að fá verk í hendurnar.

Við höfðum hist einu sinni áður og lesið sjöundu útgáfu verksins en það var augljóst að það verk sem við sátum með í höndunum hafði bætt töluvert á sig á jákvæðan hátt. Bogar persónanna voru skýrari og framvinda leikritsins betri. Það var þó augljóst að sumar persónur væru með meira kjöt á beinunum en aðrar.

Jónas Reynir, höfundur verksins, sat með okkur meiri hluta þessa tveggja vikna og gat því unnið að því að bæta handritið. Þetta gerði hann mest allt æfingarferlið og handritið varð mun beittara og skýrara fyrir vikið. Það var mjög jákvætt að höfundur var til taks í æfingarferlinu. Að geta gefið sig á spjall við hann og heyrt hans sjónarmið hjálpaði mikið til að skýra út ákveðin atriði í handritinu og varðandi persónurnar.

Fyrstu tvær vikurnar unnum við rannsóknarvinnu í Dansverkstæðinu. Við lásum handritið og bjuggum til kynningar um heim verksins og höfundinn. Við fórum um víðan völl, horfðum á raunveruleikasjónvarp og gerð raunveruleikasjónvarps. Við pældum í erkitýpum út frá hugmyndafræði Michael Chekov ásamt því að átta okkur á því hvaða baksögu persónur verksins hafa.

En skilar þessi vinna einhverju inn í heildarmyndina? Ég held að ef að það er vel haldið utan um umræðuna þá geti þessi vinna skilað árangri.

Sumt þykir mér þjóna okkur betur en annað. Að taka viðtal við höfund og fá að vita hvaðan hann kemur og hvað hann hefur gengið í gegnum finnst mér skila mér takmörkuðu inn í mína leiklist. Ég get betur skilið það að halda kynningu um plánetuna mars skili einhverju inn á gólf.

Væri tíma okkar betur varið í það að fara beint út á gólf og vinna í senum? Eða hjálpar þetta mér sem leikara að takast á við hlutverkið og verkið í heild. Ég ætla í þessu samhengi alls ekki að afskrifa þessa nálgun því að ég veit að inni á milli leynast gullkorn sem smitast inn í verkið. Auðvitað skilar sér ekki allt sem við ræddum eða horfðum á inn í verkið en þegar á heildina er litið er það bara partur af ferlinu. Sumt helst inni, annað ekki.

Þegar ég hugsa til sýningarinnar sem við settum upp þá finnst mér þessi borðvinna hafa skipt máli. Með því að gera þessa forvinnu jókst sameiginlegur skilningur leikhópsins á efninu og heimi verksins. Ef að allir voru með á nótunum spruttu fram leikreglur sem nýttust bæði leikurum, leikstjóra og aðstandendum sýningarinnar.

Dæmi um leikreglur heimsins voru til dæmis að persónur verksins væru ekki við stjórnvölin. Ægivaldið er stöðugt að fylgjast með þér í gegnum myndavélar og þú, sem persóna í raunveruleikasjónvarpi á leiðinni til Mars, ert algjörlega upp á þetta ægivald kominn. Leikhópurinn eða ég sem leikari gat svo tekið afstöðu til þess hversu meðvituð persónan mín var um leikreglurnar. Viktor er til dæmis ein af þeim persónum sem áttar sig á því hvernig leikreglurnar virka og nýtir þær til að fá sínu framgengt. Með því að grafa undan hinum í áhöfninni og nýta sér veikleika þeirra kemst hann til valda.¹ Hann áttar sig á því að hann er ekki stærsti leikmaðurinn í heimi verksins en gerir það besta í stöðunni sem er að verða besti vinur ægivaldsins.

Viktor.

Persóna Viktors var sú persóna sem mig langaði mest að takast á við því var það að ég var mjög sáttur að fá að takast á við hlutverkið.

Það var augljóst við fyrsta lestur verksins að Viktor væri antagonistinn eða „vondi kallinn“. Frá degi eitt var það mjög mikilvægt fyrir mig að hugsa ekki um hann sem illmenni. Ég vildi nálgast hann út frá þeirri hugmyndafræði að það væri ekkert vont né gott fólk. Mér kom strax til huga ein af uppáhalds persónum mínum úr leikbókmenntunum, **Iago** úr verkinu *Othello*.²

Líkt og Iago, er Viktor útsmoginn, hraðlyginn og fær aðra til þess að framkvæma vilja sinn. Persóna Iago var fyrst og fremst táknmynd fyrir mig í gegnum ferlið.

Hlutverk Iago hefur mér alltaf fundið heillandi vegna þess að ef að leikarinn leikur hann líkt og hann sé illmenni, þá fellur hlutverkið um sjálft sig. Hann á það í hættu að verða

¹ Jónas Reynir Gunnarsson, *Við deyjum á Mars, óútgefið leikhandrit* (Reykjavík: Listaháskóli Íslands, 2016).

² Shakespeare, William. *Óþelló, útgefið leikhandrit í þýðingu Helga Hálfðánarson* (Reykjavík: Lhí Sölvhóli, 1971).

óáhugaverður, tvívíður persónuleiki með einsleitann ásetning. Til þess að endir verksins hafi sem mest áhrif þá er áhrifamest ef lág er sjarmerandi, kærleiksríkur og alltaf til í að aðstoða, jafnvel þó að þú sem áhorfandi vitir að hann vill öllum illt.

Ég tók því þessa nálgun mér til fyrirmyndar í uppbyggingu persónu Viktors. Ég vildi að hann kæmi áhorfendum þannig fyrir sjónir að þeir gætu á einhvern hátt haldið með honum og jafnvel þótt vænt um hann, þó að það væri ekki nema fyrir þær sakir að hann væri áhugaverð persóna.

Æfingar hefjast í Listaháskólanum

Opnanir

Æfingar fóru vel af stað þegar að við byrjuðum að vinna niður í skóla. Við vorum beðin um að byrja hvern dag á því að búa til opnanir fyrir persónuna okkar ásamt því að skipuleggja sameiginlegar upphitanir.

Opnanir eru verkefni sem eru þannig að við sviðsetjum eitthvað úr lífi persónu okkar. Það má vera æskuminning, einhver vandi púunktur í lífi persónunnar eða jafnvel abstrakt tilfinning á því hvernig manneskjan upplifir sig.

Ég lít á opnanir sem svo að krafan sé ekki einungis á að ég geri þetta verkefni fyrir mig heldur er þetta einnig æfing í því að finna leið til þess að skapa hughrif hjá áhorfendum. Þar af leiðandi nota ég þennan vettvang eins og ég væri að sviðsetja lítið leikverk.

Ég upplifi þetta verkefni einnig sem tækifæri til þess að koma fram og opna mig gagnvart persónunni til þess að sjá hvert hún leiðir mig. Oftar en ekki eru persónur sem leikarar takast á við með mjög skrautlega fortíð og það getur verið erfitt að setja sig í þeirra spor. Opnun getur því nýst vel sem verkfæri til að rannsaka óhugnarleg eða óþægileg augnablik í lífi persónunnar. Það krefst hugrekkis að fara á þessa staði og að leikarinn gefi sig allan í verkefnið og þjóni persónunni en ekki sjálfum sér ásamt því að losa sig undan öllum hégóma. Ef að listamaðurinn leyfir sér að fara þangað þá uppgötvar hann mögulega eitthvað sem að

honum hefði aldrei dottið í hug annars. Þetta er vegna þess að hann leyfði sér að fara á stað sem að hann/hún myndi annars aldrei gera.

Opnanir eru því ekki lengur bara æfing sem að við gerðum með kennara á fyrsta ári heldur er þetta orðið beitt verkfæri sem ég hef tileinkað mér sem leikari.

Tæknilega hliðin og Leikstjórnin.

Áhersla uppsetningarinnar var frá byrjun mjög tækni miðuð, allt frá sviðsmynd yfir í skjávarpa og lýsingu. Upplifun mín á þessu var sú að þetta var á köflum hamlandi fyrir leikara og á kostnað leiksins. Oft gafst lítill tími til þess að rannsaka senurnar úti á gólfi og oft virtist leikstjóri vera að leggja senur eins fljótt og mögulegt var. Þetta gerði það að verkum að mér fannst við oft vera að uppfylla kröfur um hvernig þetta ætti að vera en ekki hvernig þetta gæti verið. Ég átta mig fyllilega á því að tíminn var knappur og að það gæfist ekki tækifæri til að grandskoða hverja og eina senu, en að sama skapi hefði mér fundist það betri kostur að gefa senuvinnunni meira vægi.

Að því sögðu þá gerði þetta vinnulag það að verkum að ég setti meiri áherslu að vinna sjálfstætt. Til að mynda gerði ég mitt ítrasta til að festast aldrei í einhverju sem við höfðum æft áður heldur reyndi ég alltaf að mæta með ferska nálgun inn í senu.

Fyrir utan það þá get ég vel ímyndað mér að margar sýningar séu unnar á þennan máta. Leikstjóri hefur takmarkaðann tíma til að setja saman sýningu og því þarf að huga að mörgu og keyra hlutina áfram eins og kostur er.

Ef eitthvað er þá gerði þetta mig sjálfstæðari í vinnubrögðum. Nú var ekki hægt að reiða sig á smámunasemina sem við upplifðum á fyrstu tveimur árum okkar í skólanum undir handleiðslu kennara. Nú var það meira á okkar ábyrgð að finna verkfærin til þess að leysa þær hindranirnar sem stóðu í vegi fyrir okkur.

Tempó og afleiðingar þess.

Á æfingartímabilinu og alveg fram að sýningum kom það oft fyrir að leikstjórinn bað leikhópin að auka tempóið eða hraða í senum. Fyrri hluti verksins var of langur og því var ákveðið að stytta eða taka út ákveðnar senur sem þjónuðu heildarmyndinni minna. Þó svo að

Þetta væri gert þá vorum við beðin um að hraða enn meira í senunum svo að fyrri hluti sýningarinnar gæti runnið betur. Tempó er gott og gilt en á kostnað hvers?

Áherslan var á tímabili svo gríðarlega mikil á því að hraða í öllu að mér fannst við á köflum ekki ná að sitja í okkur sjálfum. Allt átti að gerast á svo miklum hraða að ég upplifði að við fórum fram úr okkur og urðum þar af leiðandi ólífræn á sviðinu. Mín skoðun er sú að hraði er af hinu góða svo framarlega sem að jarðtenging og hlustun við mótleikara er til staðar.

Leikstjóri hafði einnig gefið mér þær leiðbeiningar að vera hraðari með texta Viktors, einfaldlega vegna þess að ég var of seigur í senum. Þessu var ég sammála og vann því að því með aðstoð Snæju raddkennara að finna staði þar sem mætti hraða á Viktori og hvar hann mætti vera hægari.

Eftir það bættist heilmikið úr þessu og ég fann það að það breytti miklu fyrir senurnar og mótleikinn. Blæbrigði fóru að setjast í textann og áhugaverðari nálganir litu dagsins ljós. Með hverju rennsli á sýningunni varð hraðinn meiri og betra flæði fór að setjast í sýninguna. En þrátt fyrir að hafa fundið hraðann í sjálfum mér og senunum þá var búið að planta því fræi að þetta mætti alltaf verða hraðara. Ég upplifði mig aldrei vera nógu hraðan og var stöðugt að leita að samþykki leikstjóra yfir því hvort að ég hefði verið að gera rétt. Það var svo á þriðju sýningu að ég áttaði mig á því hvað ég hefði verið að gera sjálfum mér. Leit mín að samþykki frá öðrum hafði gert mig pirraðan og önugan út í sjálfan mig. Ég var hættur að njóta þess að leika vegna þess að ég var stöðugt að berja mig niður fyrir það að vera ekki nógu hraður. Það eitt að bera kennsl á þetta ástand gerði það að verkum að ég gat komið mér út úr þessu hugsunarmynstri og inn í leikgleðina.

Það er mín skoðun að áhorfendur sækist ekki einungis eftir því að sjá hraða sýningu heldur einnig í það að fá að upplifa augnablik sem fá að lifa í einlægni. Í gegnum námið höfum við margsinnis fengið að heyra það að fólk fari í leikhús til þess að upplifa þessi einlægu augnablik. Ég tel að það hefði mátt vinna jafn mikið með að finna þessi augnablik eins það unnið með að auka hraðann. Þannig hefðum við mögulega fundið jafnvægi milli tveggja póla.

Pick your Battles.

Ég reyni alltaf að bera hag verkefnisins fyrir brjósti og þjóna því eins vel og ég get. Ég set mig ekki upp á móti sýn leikstjóra eða hvert hann er að leiða verkið vegna þess að það er ekki

mitt hlutverk sem leikari. Aftur á móti tel ég það vera hluta af hlutverki mínu innan leikhópsins að benda á eitthvað sem mér þætti fara betur.

Stór vending á sér stað í verkinu þegar samskipti slitna á milli áhafnarinnar og jarðarinnar.³ Áhorfendatölur fara niður í núll og þau eru tekin af dagskrá sem þýðir að þau eiga litlar sem engar líkur á því að lifa ferðina af vegna áhugaleysis jarðarbúa. Viktor tekur stjórnina sem kaffeinn og barátta hans fyrir því að koma þættinum aftur í loftið hefst.

Á tímabili voru uppi hugmyndir um að breyta þeirri grundvallar staðreynd að áhorfendatölur væru í núlli fram að lokasenu verksins þegar að Heiður hengir sig. Þess í stað myndu nokkrir áhorfendur raunveruleikasjónvarpsins læðast inn eftir því sem liði á þriðja þátt verksins. Þetta hefði haft það í för með sér að Viktor væri ekki að berjast fyrir því að koma þeim aftur í loftið, heldur væri hann að berjast fyrir því að fá meira áhorf.

Mín skoðun var sú að það væri miklu sterkari forsenda fyrir okkur að vinna með ef að þau þyrftu að berjast fyrir því að komast aftur í loftið. Þar að auki gerir það ásetning Viktors miklu heitari og útskýrir hvers vegna hann gengur jafn langt og hann gerir. Hann er að gera það sem hann þarf að gera til þess að koma þeim aftur á dagskrá.

Ástæðan fyrir því að ég skrifa um þetta er sú að maður verður að átta sig á því hvenær verið er að taka ákvarðanir í stressi sem henta heildarmyndinni illa. Að mínu mati var þessi ákvörðun ekki vel ígrunduð og þess vegna hafði ég þá skoðun og barðist fyrir því að þessu yrði haldið óbreyttu. Fyrir mig er þetta spurning um að velja hvenær á að halda einhverju til streitu og hvenær ekki. Svo fór að þessu var haldið í upprunalegri mynd og sterkari forsendan fékk að lifa.

Að taka nótum.

Það er ekki langt síðan að ég upplifði ítrekað það að ég væri að taka nótum frá leikstjóra á persónulegan hátt. Ég tók það inn á mig og braut mig niður andlega fyrir það að vera ekki að gera rétt. En undanfarið hef ég þróað með mér viðhorf sem hjálpar mér að takast á við þetta. Það sem hjálpar mér mest í þessum málum er að aðskilja mig persónulega og leikarann sem er að takast á við hlutverkið. Leikarinn getur tekur við því sem að ég get

³ Jónas Reynir Gunnarsson. Við Deyjum á Mars.

ekki tekið við vegna þess að ég ræð stundum ekki við það. Þessi hugsunarháttur frelsar mig frá því að hugsa um að ég hafi staðið mig illa í æfingu eða sýningu og gefur mér í staðin mögulega á því að hjálpa leikaranum að standa sig betur.

Sjálföruggi.

Sjálföruggi mitt, bæði á æfingarferlinu og á sýningum hefur aukist til muna. Ég finn að ég hef tekið stórum framförum síðasta árið mitt í skólanum hvað varðar sviðstilveru og stærð. Ég naut þess yfirleitt að mæta dag hvern til að takast á við hlutverkið og verkið í heild. Ég leyfði mér að vera stöðugt að prófa nýja hluti úti á gólfi og fann hvernig senur og persónan mín þróaðist eftir því sem leið á. Sumar senur voru auðveldari en aðrar en ég tók þann pól í hæðina að ég gæti alltaf verið að betrum bæta og finna nýja fleti og meiri dýpt.

Hlutverk Viktors var tilfinningalega krefjandi og kallaði á það að ég færi á staði sem að ég sem manneskja man ekki eftir að hafa farið á sjálfur.

Í einum af lokasenum verksins virðast allar dyr lokaðar fyrir Viktori og hann brotnar niður fyrir framan Heiði sem situr og hlustar á hann.⁴ Með grátstafi í kverkunum segir hann henni frá sínum stærstu vandamálum og viðurkennir galla sína fyrir sjálfum sér. Þetta var frábært verkefni fyrir mig til að takast á við vegna þess að ég hef persónulega aldrei brotnað niður á þennan hátt, hvað þá fyrir framan aðra manneskju. Ég þurfti því að prufa mig áfram með textann og senuna til þess að finna rétta tóninn fyrir hana. Það var mikilvægt fyrir mig að þessi texti væri einlægur og heiðarlegur til þess að áhorfandinn gæti upplifað samúð með Viktori. Sér í lagi vegna þess að á næsta augnabliki fær hann þá snjöllu hugmynd að fá Heiði til þess að fórna sér í sinn stað. Ég vann hann þannig að ég byrjaði á því að stækka tilfinninguna eins mikið og ég treysti mér til. Eftir því sem ég gerði hann oftast þá settist öryggi í mig sem að gerði það auðveldara fyrir mig að nálgast senuna. Ég held að aðalatriðið hafi verið að fá að gera hann sem oftast fyrir framan áhorfendur. Stóra uppgötvunin var svo þegar að við vorum kominn inn í sýningarnarferlið. Ég áttaði mig á því að það væri lang áhrifa mest ef að Viktor væri hreinlega að ávarpa áhorfendur, að hann væri að viðurkenna mistök sín fyrir þeim en ekki bara fyrir Heiði. Þannig kom einlægni í textann og ég fann að ég gat

⁴ Jónas Reynir Gunnarsson. Við Deyjum á Mars.

miðlað því sem Viktor var að segja til áhorfenda án þess að finnast ég tilgerðarlegur eða ýktur.

Ég upplifði mig hafa tekist ætlunarverk mitt með því að fá áhorfendur til að kenna í brjósti um Viktor. Það var augljóst þegar að þessi sena virkilega virkaði því þá mátti heyra dæs eða tíst úr salnum þegar að Viktor skiptir um skoðun. Á einum tímapunkti heyrðist meira að segja „nei!“ frá einum áhorfanda. Það er á þessum augnablikum sem að ég virkilega finn fyrir ánægju yfir því að vera á sviðinu.

Ég þurfti einnig að fara í svipað ferðalag með annað eintal sem Viktor fer með í lok fyrsta hluta. Áhorfendatölur detta í núll og áhöfnin missir samskipti við jörðina.⁵ Í atlögu sinni að því að ná völdum fer Viktor með einræðu þar sem hann líkir örlögum kassagítars við þeirra eigin örlög.

Í byrjun var ég alls ekki viss um að þessi texti væri eitthvað sem myndi henta þeim aðstæðum sem þau væru komin í en smám saman fór mér að þykja vænt um þetta eintal. Hættan fyrir mér var samt sem áður sú fyrir mér að ræðan myndi missa marks vegna þess hvernig hún er uppbyggð. Textinn er í sjálfu sér mjög kómískur en aðstæðurnar eru það alls ekki. Ég ákvað því að finna leið inn í ræðuna sem gæti gert hana bæði fyndna og skiljanlega. Það var svo eftir eina æfinguna sem mér datt í hug myndlíking sem gæti virkað. Að Viktor væri að fá æðiskast eins og lítill strákur sem ekki mátti fá sælgæti á virkum degi. Þessi nálgun virtist þjóna senunni vel því hún varð bæði kómísk og skiljanleg á sama tíma. Vegna þess að ég var opinn og tilbúinn að fara í ólíkar áttir með textann þá komst ég á endanum að ákjósanlegri lendingu með hann.

Til þess er æfingatímabilið, til þess að opna efnið og leyfa sér að fara á nýja staði með það. Ég finn það að ég farinn að treysta því að það sem ég geri á æfingum er ekki endilega lokaútkoman heldur er það ferðalagið sem skiptir máli. Þegar að kemur svo að sýningu er ég búinn að finna einhvern milliveg sem ég get verið ánægður með.

⁵ Jónas Reynir Gunnarsson. Við Deyjum á Mars.

Sýningartímabilið.

Það reyndi á líkama og sál að sýna tólf sýningar í röð. Ég lít reyndar á það sem svo að við sýndum sextán daga í röð vegna þess að við fórum í gegnum fjögur rennsli í frumsýningarvikunni plús að við vorum á æfingum á daginn. Þetta var því mikil keyrsla sem gaf af sér mikla reynslu. Engin sýning var eins og það gerði það að verkum að heildarmyndin styrktist með hverju rennsli sem við gerðum.

Við eigum öll mis góða daga sem manneskjur, suma góða en aðra slæma. Það var stórt verkefni fyrir mig að finna hvernig ég ætti að stilla mig inn fyrir hverja sýningu. Einn daginn þurfti ég ekki að hafa mikið fyrir því að koma mér í gírinn til að stíga á svið en aðra daga þurfti talsvert til þess.

Með frumsýningunni kom mikil eftirvænting og adrenalín. Við þurftum ekki að hafa mikið fyrir henni og allur sá hraði sem búið var að biðja okkur að koma með inn í sýninguna var til staðar. Eðli málsins samkvæmt var önnur sýning ekkert sérstaklega kraftmikil og þá tók raunveruleikinn við hjá mér.

Um svipað leiti og ég áttaði mig á því að ég var kvíðinn yfir því að vera ekki nægilega hraður í sýningunni þá skildi ég allt í einu aðra stóra hindrun í eigin fari. Í leit minni að því að standa mig vel sem leikari hef ég þróað með mér þá hugmynd að ég þyrfti að vera í fullkomnu ástandi til þess að vera góður á sviðinu. Fullkomið ástand lýsir sér þannig að ég þarf að vera í fullkominni leikgleði, tengingu við sjálfan mig og mótleikara. Að setja svona óraunhæfa kröfu á sjálfan mig gerði það að verkum að ég stóð í vegi fyrir því að ég gæti blómstrað á sviðinu. Eftir að ég áttaði mig á þessu, fór ég að vinna aktíft með að hlusta á sjálfan mig eins og ég var þann daginn sem ég var að sýna. Hver dagur er einstakur og hver sýning er einstök. Ég leyfði mér að vera ófullkominn vegna þess að ekkert er fullkomið. Við það að snúa þessum hugsunarhætti við fór ég að njóta hvernar sýningar mun meira og dagarnir snerust ekki um það að komast í eitthvað fullkomið ástand.

Bekkurinn / leikhópin.

Við höfum marg oft fengið að heyra það að bekkurinn okkar sé samsettur af mjög ólíkum manneskjum. Ég verð að segja að þrátt fyrir að við séum ólík að mörgu leyti er ég

mjög þakklátur fyrir að hafa tilheyrt hópnum. Í gegnum þrjú ár hefur ýmislegt komið upp á, við höfum tekist á út af hinu eða þessu en að sama skapi höfum við lært með tímanum að virða hvort annað.

Sumum innan hópsins er mjög illa við allt kynlífstengt eða kynferðilegt á sviði. Nú hef ég oft lent með sömu manneskjunni í senum þar sem eitthvað kynferðilegt athæfi á sér stað. Áður hafði ég enga hugmynd um það hvernig ég ætti að tækla þessa hindrun en með tímanum hef ég lært að eiga við þess lags aðstæður. Með því að eiga skýr og opin samskipti um hvað þarf að gerast í senunni, hvernig við snertumst og hvað má og má ekki skapast traust á milli okkar. Það myndar síðan tengingu á milli okkar sem hægt er að byggja ofan á og með því móti get ég stutt við bakið á mótaleikaranum.

Á sýningartímanum fóru ákveðnir aðilar gríðarlega í taugarnar á mér. Oftar en ekki vegna þess að þau gátu með engu móti haldið aftur að sér og verið fagmannleg. Stundum varð til mjög amatörlegt andrúmsloft fyrir sýningar og í hléum sem gerði það ómögulegt að einbeita sér. Reglur sem settar höfðu verið um einbeitingu og þögn voru ítrekað ekki virtar og fyrir vikið var mjög ófagmannleg orka í kringum okkur. En auðvitað var þetta ekki alltaf svona, til að mynda var hópurinn gríðarlega einbeittur þegar að leikstjóri var viðstaddur.

Þrátt fyrir allt þykir mér ótrúlega vænt um að hafa verið samferða þessum hóp í gegnum námið. Að hafa verið í svona marglaga hóp hefur gefið mér mikla reynslu sem nýtist mér áfram í lífi og starfi.

Allskonar listamaður.

Á þessu síðasta ári okkar í skólanum höfum við fengið að vinna með nokkrum ólíkum leikstjórum. En þeir hafa það allir sameiginlegt að vera tilbúnir að hlusta á tilboð og hugmyndir sem spretta upp. Ég hef verið heppinn að því leyti að þeir hafa allir gefið mér útrás fyrir hugmyndir mínar og leyft mér að koma með tilboð sem snerta verkefnin í heild sinni. Yfirleitt voru hugmyndir mínar í takt við fagurfræði verkanna og þeim var því tekið fagnandi. Einhverstaðar blundar leikstjóri eða dramaturg í mér og með stuðningi fólksins sem ég hef unnið með þá upplifi mig hafa fengið að þjálfa þá vöðva í gegnum námið. Á heildina litið hefur þetta styrkt mig og þroskað sem listamann sem getur tekist á við hvaða verkefni sem er.

Heimildaskrá.

Leikhandrit:

Jónas Reynir Gunnarsson. *Við Deyjum á Mars*. Ótgefið leikhandrit. Reykjavík: Listaháskóli Íslands, 2016.

Shakespeare, William. Ópelló. Ótgefið leikhandrit í þýðingu Helga Hálfðánarson. Reykjavík: LHÍ Sölvhóli, 1971.